

Samfélagsfræði

2020 - 2021

Tímafjöldi á viku: 4

Kennarar: Steinunn Línbjörg Ragnarsdóttir og Kristín B. Jónsdóttir

Kennsluaðferðir og skipulag

Lagt er upp með að nemendur fái tækifæri til að þroska hæfni sína, eigi í innihaldsríkum samskiptum við aðra, þeim veitt innsýn í lýðræðisleg vinnubrögð og fái verkfæri, til þess að þróa skilning sinn á sjálfum sér og öðru fólki og því umhverfi og samfélagi sem þeir tilheyra. Stuðst verður meðal annars við umræðu-og spurnaraðferð sem þjálfar samræðu og gagnrýna hugsun. Einstakling-, para- og hópavinna verður viðhöfð í ýmiss konar útfærslum. Leitaraðferð verður einnig notuð þar sem nemendur fá þjálfun í að styðjast við og leita í ýmsum heimildum. Bekkjarfundir verða hluti af bekkjarstarfinu þar sem leikræn tjáning, hlutverkaleikir og frásagnir koma við sögu. Reynt verður eftir fremsta megni að byggja ofan á fyrri þekkingu og reynsluheim nemenda.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í samfélagsfræði:

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Heilbrigði og velferð:	Það er mikið heilbrigði sem felst í því að læra að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra. Að vera í tengslum við sjálfan sig, verða betri í dag en í gær og bæta stöðugt við þekkingu sína. Haft verður í huga að auka velferð nemenda með aukinni fræðslu, þjálfun og leikni. Rætt verður um velferð og heilbrigði okkar, heilbrigðan lífsstíl Íslendinga og Norðurlandabúa.
Jafnrétti:	Farið verður inn á réttindi og skyldur í velferðarþjóðfélagi. Nemendur eru þjálfaðir í að að sýna öðrum virðingu og að allir nemendur eru jafningjar. Samvinna, hópastarf, bekkjarfundir og umræður leiða okkur á þá braut.
Lýðræði og mannréttindi:	Nemendum er uppálagt að tileinka sér það að vera ábyrgur þjóðfélagsþegn og öðlast fræðslu á þáttum sem hafa gildi og þýðingu fyrir farsælt líf s.s. jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum, náttúrunni og sínu nánasta umhverfi.

Læsi:	Að vera læs á umhverfi sitt, umhverfi heimsins eða nágrannabjóða okkar er mikilvægt til að opna á víðsýni nemenda. Farið verður inn á að auka skilning nemenda á grundvallarviðhorfum okkar til umhverfisins, auðlinda, menningar okkar og annarra þjóða og sögu.
Sjálfbærni:	Leitast verður við að gera nemendur ábyrgari einstaklinga svo þeir geti búið í sátt og samlyndi við aðra þjóðfélagsþegna og verið betri einstaklingar í skólasamfélaginu. Hugtakið sjálfbærni verður skoðað í samhengi við námsefnið og skoðað hvort það hafi breyst í aldanna rás.
Sköpun:	Nemendur fá þjálfun í að leysa hlutverk sitt sem þáttakendur í flóknu samspili mótandi sviða tilverunnar á skapandi hátt.

Áætlun skólaárið 2017-2018

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/markmið	Mat
Samfélagsfræði Landafræði: Megin viðfangsefni námssviðsins eru Norðurlöndin; Ísland, Noregur, Svíþjóð, Finnland, Álandseyjar, Danmörk, Færeyjar og Grænland. Fjallað verður um landshætti og veðurfar, atvinnuvegi og náttúruauðlindir, stjórnarfar, tungumál og fleiri þætti sem tengjast hverju landi.	<i>Kortabók handa grunnskólum</i> <i>Norðurlönd, lesbók og vinnubók</i> <i>Fræðibækur og upplýsingaöflun á neti</i> <i>Lögð verður áhersla á einstaklings-, para- og hópavinnu.</i>	Nemandi geti - lært að lesa legu staðar á heimskorti út frá lengdar- og breiddargráðum og lesa af hefðbundnu staðfræðikorti upplýsingar um megindrætti landslags, landnotkun, búsetu og samgöngukerfi . - þekki á Evrópukorti nöfn og legu Norðurlandanna, stærstu borgir, ár, vötn, eyjar og fjallgarða. Nemandi - kynnist landslagi, náttúrufari og auðlindum Norðurlandanna og mótun ísaldarjökulsins, þekki megineinkenni gróðurfars og loftslags Norðurlanda auk ríkjandi vinda og hafstrauma . - kynnist dæmum um ólík lífsskilyrði fólks á Norðurlöndum og þekki helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál.	Símat þar sem kennari heldur skráningu um vinnusemi, vinnubrögð og framfarir.

Unnið verður með kort og loftmyndir, landshætti, landmótun, loftslag, gróðurbelti, Golfstrauminn, auðlindir og orku, lífsskilyrði, trúarlíf o.fl..	<i>Tækni notuð til upplýsingaöflunar.</i>	• átti sig á hvað er líkt og ólíkt í atvinnulífi, búsetumynstri og lífsháttum Norðurlandabúa. • þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra. • kunni dæmi um hvernig náttúran hefur haft áhrif á lífnaðarhætti fólksins. • kynnist hvernig framleiðsla íbúa og neysla þeirra hefur áhrif á náttúruna. • þekki dæmi um það hvað íbúar Norðurlanda hafa gert til að ráða bót á því sem miður hefur farið í umhverfi þeirra. • kynni sér samstarf Norðurlandabjóðanna og á hvaða sviðum og í hverju samstarfið felst	Kynning metin, innihald, framsögn og framsetning.
Samfélagsfræði Sagnfræði: Lögð er áhersla á að nemendur fá tilfinningu og skilning á framvindu sögunnar og geti sett sig í spor fólks á ýmsum tímum. Skoðuð verður annars vegar saga fornaldar, einkum Rómaveldis og upphaf kristni, hins vegar fyrstu aldir	<i>Sögueyjan</i> <i>870 - 1520.</i> <i>Víkingaöld, árin 800-1050.</i> <i>Sturlungaöld</i> <i>Lögð verður áhersla á einstaklings-, para- og hópavinnu.</i>	Nemandi geti: • þekkt helstu atriði í fornsögu norrænna þjóða. • kynnst víkingatímanum og þekki ýmsa þætti þess tíma. • kynnst sögum af landnámi Íslands. • haft nokkra þekkingu á landinu við landnám, trú og siðum, atvinnuháttum og stjórnskipun á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. • áttað sig á hvernig kristni festi rætur á Íslandi.	Ýmis verkefni lögð fyrir, horft er til samvinnu, framsetningu, útfærslu. Símat, horft er til virkni, sjálfstæðis, áhuga á efni,

Íslandsbyggðar, frá landnámi og fram yfir kristnitöku. Einnig er greint frá sögu Norðurlanda allt frá steinöld og Vestur-Evrópu frá þjóðflutningum til víkingaaldar. Lögð er áhersla á að nemendur fái skýra innsýn í samfélag miðalda. Ef tími gefst til er líf Snorra Sturlusonar skoðað og sett í samhengi við atburði í Íslandssögunni.		Nemandi geti: • metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð. • velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótagast af, svo sem umhverfi og samfélagsskipulagi. • lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti. • dregið upp mynd af afmörkuðu efnisþáttum stórrar og smárrar sögu, nálægar eða fjarlægjar. • greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.	samvinnu og framsetningu.
Samfélagsfræði Lífsleikni: Uppbyggingarstefnan þar sem farið verður í helstu verkfæri stefnunnar til þess að gera nemendur ábyrgari í námi sínu. Núvitund þar sem kenndar verða nokkrar æfingar til sjálfshjálpar og til að bæta líðan	<i>Uppbyggingarstefnan , verkefni frá kennara</i> <i>Núvitund efni frá kennara</i>	Nemandi geti: • bekkjarsáttmálinn þar sem bekkjaheildin er skoðuð. Einnig horft á hvernig námsmaður eða nemandi hver og einn vill vera. • áttað sig á hvaða þarfir hann hefur og geti metið stöðu sína betur í bekknum út frá sjálfsskoðun. • gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp, velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu.	Símat þar sem kennarar leggur mat á virkni, sjálfstæði og þátttöku í umræðum.

Samskipti, jafnrétti, mannréttindi og lýðræði	<i>Ég er bara ég</i>	• lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun. • tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti. • metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt. • rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga. • tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér eða í samstarfi við aðra. • sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. • rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum. • sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.	
---	----------------------	--	--

Námsmat

Lykilhæfni metin jafnt yfir skólaárið. Hópverkefni og þemavinna metin jafnóðum og þau eru unnin.